

um breyting á lögum nr. 38 1953, um breyting á lögum nr. 50 1946, um almanna-tryggingar, og viðauka við þau.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin skal láta fram fara heildarendurskoðun á lögum þessum og hraða því verki svo, að tillögur um breytingar á þeim verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi, þegar er það kemur saman.

Nú verður halli á rekstri Tryggingastofnunar ríkisins á árinu 1954, og skal þá ríkissjóður greiða aukaframlag til stofnunarinnar umfram hið fasta framlag samkv. 26. og 27. gr. Aukaframlag þetta má þó ekki fara fram úr 6.3 milljónum króna eða 90% af rekstrarhalla stofnunarinnar á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt fjárhagsáætlun Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 1954 er gert ráð fyrir, að heildarútgjöldin verði 122 millj. kr., auk framlagsins til sjúkrasam- laganna. Heildartekjur stofnunarinnar eru hins vegar ekki áætlaðar nema 115 milljónir, og vantar því um 7 millj. kr. á, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum. Útgjöld stofnunarinnar árið 1952 reyndust um 94 millj. kr. Áætluð hækkun nemur því um 28 millj. kr. á þessum 2 árum.

Helstu orsakir hækkunarinnar eru þessar:

1. Nýjar bætur skv. lögum frá síðasta Alþingi, viðbótarfjöl- skyldubætur og mæðralaun, áætlað .....	16	millj. kr.
2. Vísitöluhækkun bóta (áætlun miðast við 157 stig í stað 148.75 stig 1952) .....	ca. 6	— —
3. Fjölgun lífeyrisþega, aðallega gamalmenna .....	— 2.3	— —
4. Fjölgun barna, sem greiddur er með barnalífeyrir, fjölskyldu- bætur eða mæðralaun .....	— 1.7	— —

Samtals ca. 26 millj. kr.  
Aðrar hækkunir — 2 — —

Alls 28 millj. kr.

Grunniðgjöld og framlög til Tryggingastofnunarinnar voru á s. l. ári hækkuð um ca. 17% vegna hinna nýju bóta. Nú þykir sýnt, að sú hækkun hefur ekki reynzt nægileg. Bráðabirgðaáætlun sú um kostnað vegna viðbótarfjölskyldubóta og mæðra- launa, sem gerð var um síðustu áramót, virðist hafa verið heldur lág og fjölgun gamalmenna og barna, sem njóta bóta, stórum meiri og örari en þá var gert ráð fyrir. Tala fæðdra á árunum 1936—1940 var um 2400 að meðaltali á ári. En árið 1952 var fæðingartalan um 4000, eða um 1600 hærri.

Augljóst er, að Tryggingastofnuninni er um megn að taka á sig um 7 millj. kr. rekstrarhalla á árinu 1954 til viðbótar fyrirsjáanlegum halla á árinu 1953. Á árunum 1947—1949, þrjú fyrstu árin, sem stofnunin starfaði samkv. almannatrygg- ingalögnum frá 1946, söfnuðust í tryggingasjóð nærfellt 16 millj. kr. Öll árin síðan hefur verið halli á rekstrinum og hann greiddur úr tryggingasjóði. Í árslok 1951 var sjóðurinn kominn niður í ca. 11 millj. kr. Reikningar ársins 1952 eru enn ekki full- gerðir, en fyrirsjáanlegt er, að tryggingasjóðurinn lækkar á því ári og þó enn meira á yfirstandandi ári. Það væri því fullkomið ábyrgðarleysi að ætla Tryggingastofn- uninni að taka á sig 7 millj. kr. halla á árinu 1954.

Tæplega getur talizt gerlegt að halda áfram á sömu braut og gert var á síðasta Alþingi, að hækka alla tekjuliði trygginganna, iðgjöld og opinber framlög, um sama hundraðshluta. Til þess að áætlaður rekstrarhalli yrði jafnaður á þann hátt, þyrfti sú hækkun að nema a. m. k. 7—8%. Iðgjöld til trygginganna eru þegar orðin það há, að fullerfitt er fyrir lágtekjufólk að standa skil á þeim. Tryggingaiðgjöld fyrir kvæntan mann í Reykjavík nema nú á þessu ári sem hér segir:

Iðgjöld til Tryggingastofnunar ríkisins .....	kr. 714.00
Sjúkrasamlagsiðgjald .....	— 324.00
sama v. eiginkonu .....	— 324.00

Samtals kr. 1362.00

Fyrir einhleypa karla eru tryggingagjöldin í Reykjavík nú um 970 krónur og fyrir ógiftar konur um 800 krónur á ári.

Tryggingaiðgjöld kvænts karlmanns í Reykjavík nema því um 4% af ca. 34000 króna árstekjum. Þótt segja megi, að fullhraustum manni með slíkar tekjur og aðeins eitt eða ekkert barn á framfæri, ætti eigi að vera um megn að greiða þessa upphæð í tryggingagjöld, þá er augljóst, að öllum þeim mörgu, sem eru undir því tekjumarki, eru tryggingagjöldin þung byrði og því þyngri sem tekjurnar eru lægri.

Er því þegar af þessari ástæðu fyllsta þörf á að endurskoða ákvæðin um ákvörðun iðgjalda, sérstaklega með tilliti til fólks á aldrinum 16—20 ára og 60—67 ára og annarra með lágar tekjur. Þá er og þess að gæta, að áætlun sú um niðurfjöfnun kostnaðarins við tryggingarnar á þá aðila, sem undir honum standa, er gerð var, þegar tryggingalögin voru undirbúin, hefur raskast verulega. Í áætluninni var gert ráð fyrir, að kostnaðurinn við almannatryggingar, sjúkrasamlögin og ríkisframfærsluna skiptist á nefnda aðila í þessum hlutföllum:

Ríkissjóður $\frac{1}{3}$ hluta .....	ca. 33.3%
Sveitarsjóðir $\frac{1}{6}$ hluta .....	— 16.7—
Atvinnurekendur $\frac{1}{6}$ hluta .....	— 16.7—
Hinir tryggðu $\frac{1}{3}$ hluta .....	— 33.3—

Tryggingastofnunin hefur látið gera yfirlit yfir skiptinguna á árunum 1948—1952. Samkvæmt því hefur skiptingin orðið þessi:

Ríkissjóður .....	ca. 32%
Sveitarsjóðir .....	— 19—
Atvinnurekendur .....	— 14—
Tryggðir .....	— 35—

Hefur því sá hluti heildarkostnaðarins, sem hinir tryggðu og sveitarsjóðirnir bera, orðið allmiklu hærrí en til var ætlað, en hluti ríkissjóðs lækkað nokkuð og hluti atvinnurekenda lækkað mjög verulega. Á þessu tímabili hafa hinir tryggðu greitt um 6.6 millj. kr. umfram þriðjung heildarkostnaðar, en ríkissjóður um 5.2 millj. minna en þriðjung. Sýnir þetta ljóslega, að fullkomin þörf er á að endurskoða bæði álagningu iðgjalda og skiptingu kostnaðarins í heild.

Þá er þess að gæta, að þær veigamiklu breytingar, sem gerðar voru á almannatryggingalögunum á síðasta Alþingi, voru gerðar af mikilli skyndingu og án þess að nægilegt tóm gæfist til þess að samræma þær tryggingakerfinu í heild. Á þetta sérstaklega við um mæðralaunin og einnig að nokkru um viðbótarfjölskyldubæturnar.

Tvö þýðingarmikil atriði almannatryggingalaganna, afnám lífeyrisskerðingar vegna tekna og heilsugæzla Tryggingastofnunarinnar samkv. III. kafla laganna, hafa enn eigi komið til framkvæmda. Hefur framkvæmd þessara atriða verið frestað til ársloka 1954, en þá taka þau gildi að lögunum óbreyttum. Falla þá niður sérstakar iðgjaldagreiðslur til sjúkrasamlaga, er þau hætta störfum, en iðgjöld til Tryggingastofnunarinnar, sem þá á að taka við störfum þeirra, hljóta að hækka tilsvandi, að öðru óbreyttu, auk hækkana vegna fjölgunar lífeyrisþega, ef skerðing verður niður felld.

Það, hversu þessum málum verður skipað, hlýtur að hafa afar mikil áhrif á fjárhagsafkomu Tryggingastofnunarinnar og iðgjaldaákvæðanir. Er því mjög var-

hugavert að gera breytingar á þessum atriðum laganna fyrr en jafnhliða heildarendurskoðun. En óhjákvæmilegt er að láta slíka heildarendurskoðun fara fram á næsta ári, þar sem, auk fyrrgreindra atriða, mörg önnur ákvæði tryggingalaganna gilda aðeins til ársloka 1954.

Ákvæðin er að finna í viðaukalögum við almannatryggingalögin, frá 27. febr. 1953, og eru þau þessi:

1. Ákvæði 4. gr., er mæla svo fyrir, að í tryggingaumdæmum utan kaupstaða skuli sýslunefndir fara með störf trygginganefnda samkv. 11. gr. laganna.
2. Ákvæði 13. gr. um heimild til að greiða giftum konum sjúkradagpeninga, þótt þær vinni eigi utan heimilis.
3. Ákvæði 22. gr. um frestun á framkvæmd heilsugæzlu samkv. III. kafla almanna-tryggingalaganna og ákvæði 23. gr. um, að sjúkrasamlögin skuli starfa áfram samkvæmt III. kafla alþýðutryggingalaga frá 1943.
4. Ákvæði 24. gr. um styrki til læknavitjana og til sjúkraflutninga.
5. Ákvæði 26. gr. um iðgjaldaupphæðir og framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða.
6. Ákvæði 30. gr. um heimild til að draga slysatryggingaiðgjöld ársins 1946 frá áhættuiðgjaldi atvinnurekenda, er þeir hætta atvinnurekstri.
7. Ákvæði 35. gr. um, að sjúkrasamlög í kaupstöðum skuli annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina.
8. Ákvæði 38. gr. um, að fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða almanna-tryggingalaganna, um skerðingu lífeyris vegna tekna, skuli vera í gildi til ársloka 1954.
9. Ákvæði 5. gr., um upphæðir bóta, hljóta og að breytast, ef breytt verður ákvæðum 25. og 26. gr. um tekjustofna trygginganna.

Loks má á það benda, að breytingar þær, sem síðasta Alþingi gerði á tryggingalögnum til lausnar vinnudeilunni í desember s. l. og mestu valda um hækkanir á útgjöldum trygginganna, voru svo sérstaks eðlis, að tæpast verður til þess æflazt, að fjárlagsráðgjafi standa undir kostnaði vegna þeirra verði aflað á sama hátt og til trygginganna almennt. Barnauppbætur, fjölskyldubætur, eru t. d. í Svíþjóð nálega eingöngu greiddar úr ríkissjóði, í Noregi ber ríkissjóður 5/6 hluta og sveitarsjóðir 1/6 hluta kostnaðarins og í Finnlandi ríki og sveitarsjóðir 4/5 hluta, en atvinnurek- endur 1/5 hluta. Í engu þessara landa er tekna vegna fjölskyldubóta aflað með iðgjöldum frá hinum tryggðu.

Að öllu þessu athuguðu verður að telja eðlilegt, að ríkissjóður leggi fram sem aukaframlag mestan hluta þess fjár, sem Tryggingastofnunina vantar til þess að geta mætt útgjöldum næsta árs, svo að ekki þurfi að hækka iðgjöldin og framlag sveitarsjóða, meðan heildarendurskoðun tryggingalöggjafarinnar fer fram. Með því væri og að nokkru dregið úr því misræmi, sem orðið er á framlagi ríkissjóðs annars vegar og iðgjöldum hinna tryggðu hins vegar.

Þess skal að lokum getið, að tryggingaráð samþykkti einróma á fundi sínum 4. nóv. s. l. að fela forstjóra Tryggingastofnunarinnar að leggja frv. þetta fyrir ríkisstjórnina með ósk um, að hún léti bera það fram á Alþingi. Þar sem ríkisstjórnin hefur enn eigi tekið ákvörðun um flutning frumvarpsins, en flm. telur, að málið þoli ekki lengri bið, er frv. nú fram borið.

## Fylgiskjal I.

### Fjárhagsáætlun Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 1954.

29. júlí 1953.

Með bréfi, dags. 16. f. m., hefur hið háa ráðuneyti lagt fyrir oss að senda til- lögur til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1954. Er svo fyrir mælt í bréfinu, að verðlags- uppbætur skuli „miða við núgildandi kaupgjaldsvisitölu, 147 stig“.

Eins og hinu háa ráðuneyti er kunnugt um, sbr. bréf vort, dags. 30. des. 1952, ber Tryggingastofnuninni að greiða sömu vísitöluuppbót á allar bætur sem greiddar eru á kaup láglaunafólks á hverjum tíma samkv. samningi milli verkalyðsfélaganna og atvinnurekenda, dags. 19. des. 1952, en vísitöluuppbót þessi greiðist samkv. kaupgjaldsvísitölu að viðbættum 10 stigum.

Áætlun vor um bótagreiðslur 1954 er því miðuð við 157 stiga vísitölu, þ. e. 57% uppbætur, eins og nú er greitt. Tekjuáætlunin er einnig miðuð við sama vísitöluálag, 57%, en endanlega fer tekjuálagið eftir vísitölu þeirri, sem kaupgjald láglaunafólks miðast við í marz mánuði 1954, sbr. 27. gr. 1. nr. 38/1953.

Hinir einstöku útgjaldaliðir áætlunarinnar hljóta því að breytast til hækkunar eða lækkunar eftir því, hvort meðalvísitala sú, sem kaupgjald láglaunafólks á árinu 1954 miðast við, verður hærri eða lægri en 157 stig.

Á sama hátt breytast tekjuliðirnir, þar á meðal áætlað framlag ríkissjóðs, ef vísitöluuppbótin á kaup láglaunafólks í marz 1954 verður önnur en sú, sem að framan greinir.

Áður en vér vikjum að áætluninni fyrir árið 1954, þykir oss rétt, samkvæmt venju, að gera hinu háa ráðuneyti nokkra grein fyrir afkomu ársins 1952, en skýrslum og reikningum fyrir það ár er nú svo langt komið, að höfuðatriði rekstrarafkomunnar liggja nú fyrir.

Samkvæmt bréfi voru, dags. 22. ágúst 1951, voru útgjöld Tryggingastofnunarinnar á árinu 1952 áætluð 73 millj. kr. En sú áætlun var, samkv. beinum fyrir-mælum ráðuneytisins, miðuð við 123 stiga vísitölu. Meðalvísitala ársins 1952 reyndist hins vegar 148,75 stig, þ. e. ca. 21% hærri en áætlunin gerði ráð fyrir. Ef áætlunin hefði verið miðuð við þá vísitölu, hefðu útgjöldin verið áætluð um 89 millj. kr. Reynslan hefur hins vegar orðið sú, að útgjöldin hafa hækkað meira en vísitöluhækkuninni nemur og orðið um 93,9 millj. kr., eða ca. 5 millj. hærri en áætlunin gaf tilefni til að ætla. Tekjur hafa hækkað nokkuð, einkum áætlaðar endurgreiðslur, þannig að hallinn verður sennilega 2,5—3 millj. kr.

Þeir liðir, sem mest hafa hækkað, eru: Ellilífeyrir ca. 2 millj., örorkulífeyrir ca. 1,4 millj. og barnalífeyrir í heild ca. 1,6 millj., allt umfram vísitöluhækkunina. Hækkun örorkulífeyrisins má án efa að miklu leyti rekja til ástandsins í atvinnu-málunum árið 1951 og 1952. Þá var atvinnuleysi tilfinnanlegt í Reykjavík og flestum kaupstöðum og kauptúnum landsins. En atvinnuleysið bitnar jafnan fyrst og fremst á þeim, sem hafa skerta vinnugetu vegna örorku eða elli. Lækka þá vinnutekjur þessa fólks eða falla niður, en af því leiðir, að lífeyrisgreiðslur, sem áður voru skertar vegna tekna, hækka eða eru teknar upp að nýju.

Hækkun ellilífeyrisins stafar og að nokkru af lakara ástandi í atvinnumálum, en að langmestu leyti af því, að fjöldi fólks á lífeyrisaldri fer nú mjög vaxandi og örar en gert var ráð fyrir, þegar tryggingalögin voru undirbúin. Töflur þær, sem áætlunin um fjölda ellilífeyrisþega á hverjum tíma var byggð á, sýna mun lægri tölur en manntalið 1950 og reynsla tveggja síðustu ára. Nemur þessi mismunur nálægt 500, sem fólk á lífeyrisaldri virðist fleira samkv. manntalinu 1950 en töflurnar gerðu ráð fyrir. Stafar þetta af því, að töflurnar voru reiknaðar út með hliðsjón af dánartölum á árunum 1921—1930 og aldursflokkaskiptingunni 1940. Síðan virðast hlutföllin hafa raskazt mjög vegna hækkandi aldurs, þannig að fjölgun fólks yfir 67 ára aldur hafi til uppjafnaðar orðið nálægt 50 á ári síðustu 10 árin umfram það, sem ráð var fyrir gert, og mest hin síðari ár, sbr. greinargerð Kr. G. G. tryggingafræðings á s. l. hausti um kostnað við afnám skerðingar ellilífeyris.

Hækkun barnalífeyris og fjölskyldubóta stafar af hinni stórkostlegu fjölgun barna hin síðari ár. Fæðingartalan hefur verið síhækkandi hin síðari ár og er nú milli 4100 og 4200 á ári í stað 2400—2500 fyrir stríð. Er því fjölgunin mest á yngstu árgöngunum, 0—4 ára, þ. e. fædd 1946—1950. Tala þessara áraanga var yfir 6600 hærri samkv. manntalinu 1950 en 1940. En alls hefur tala barna undir 16 ára aldri hækkað úr ca. 41000 upp í ca. 49000 á þessu tímabili og enn hækkað mjög síðan.

Tala barna í hverjum árgangi 0—4 ára er nú a. m. k. 1350 hærri en í árgöngunum 10—14 ára. Allt bendir til þess, að svipuð fjölgun barna haldi áfram næstu 8—10 ár og að barnalífeyririnn af þeim sökum fari hækkandi fyrst um sinn ár frá ári. Fjölskyldubæturnar hljóta einnig að fara mjög hækkandi, einkum viðbótarfjölskyldubætur þær, sem teknar voru í lög á síðasta Alþingi, og visast til þess, sem á var bent í sambandi við afgreiðslu þeirra á Alþingi.

Þar sem áætlunin um bótagreiðslur stofnunarinnar á árinu 1953 var að mestu byggð á sömu útreikningum og áætlunin fyrir 1952, bendir allt til þess, að útgjöldin vegna ellilífeyris, barnalífeyris og fjölskyldubóta fari einnig mjög verulega fram úr áætlun á þessu ári og að allmikill halli verði á rekstrinum á yfirstandandi ári.

Áætlun sú, sem hér fer á eftir, um útgjöld og tekjur ársins 1954, er í höfuðatriðum byggð á reynslu ársins 1952 og þeirri takmörkuðu úrvinnslu úr manntalinu 1950, sem fyrir liggur og drepið hefur verið á hér að framan. Þá er einnig, eins og áður er sagt, gert ráð fyrir því, að vísitöluuppbót á bótagreiðslur og vísitöluálag á tekjuhliðina verði hið sama, þ. e. a. s. 57%. Meðalvísitöluuppbót á árinu 1952 var rúmlega 48%, eins og kunnugt er, og hækka því útgjöldin vegna vísitöluhækkunarinnar einnar um ca. 6%.

Áætlunin fer hér á eftir:

I. Útgjöld:

1. Ellilífeyrir .....	43.0 millj. kr.
2. Örorkulífeyrir og örorkustyrkir .....	13.5 — —
3. Barnalífeyrir .....	16.5 — —
4. Fjölskyldubætur .....	9.0 — —
5. — skv. l. frá 1953 .....	14.0 — —
6. Mæðralaun skv. l. frá 1953 .....	2.0 — —
7. Fæðingarstyrkir .....	4.0 — —
8. Ekkju- og makabætur .....	2.0 — —
9. Sjúkrabætur .....	4.5 — —
10. Slysabætur .....	6.0 — —
11. Iðgjöld lífeyrisþega og styrkur til sjúkraflutninga .....	3.0 — —
12. Kostnaður .....	4.5 — —

122.0 millj. kr.

+ Framlag til sjúkrasamlaga .....

9.5 — —

Alls 131.5 millj. kr.

II. Tekjur:

1. Framlag ríkissjóðs (20.4 + 57%) .....	32.0 millj. kr.
2. — sveitarsjóða (12.6 + 57%) .....	19.8 — —
3. Iðgjöld atvinnurekenda skv. 12. gr. ....	15.8 — —
— — — 113. — .....	6.5 — —
4. Iðgjöld hinna tryggðu skv. 107. gr. ....	32.9 — —

Samtals 107.0 millj. kr.

+ Endurgreiðslur .....

ca. 8.0 — —

115.0 millj. kr.

+ Framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga .....

9.5 — —

Alls 124.5 millj. kr.

Halli 7.0 — —

131.5 millj. kr.

Um einstaka liði áætlunarinnar viljum vér taka þetta fram:

**Ellilífeyririnn** er áætlaður ca. 4 millj. kr. hærri en hann reyndist 1952. Þar af eru um 2.4 millj. vegna vísitöluhækkunar, 6%, en 1.6 millj. vegna aukningar frá 1952.

**Örorkulífeyririnn** hækkar á sama hátt um 1.4 millj., þar af ca. 800 þús. vegna vísitöluhækkunar og ca. 600 þús. vegna aukningar.

**Barnalífeyririnn** hækkar um ca. 1.6 millj., þar af um 900 þús. vegna vísitöluhækkunar.

**Fjölskyldubætur** hækka samkvæmt áætluninni um ca. 15 millj. kr. frá 1952. Þar af nema hækkunir á eldri fjölskyldubótum rúmlega einni millj. vegna vísitöluhækkunar og aukningar. En viðbótar fjölskyldubætur samkvæmt lögum frá síðasta Alþingi eru áætlaðar um 14 millj. kr.

**Mæðralaun** eru nýr liður, einnig samkvæmt lögum frá síðasta þingi, og eru þau áætluð 2 millj. kr. Samtals eru mæðralaun og fjölskyldubætur áætluð um 1.5 millj. kr. hærri 1954 en gert var á bráðabirgðaáætlun vorri fyrir 1953. Liggja nú fyrir nákvæmari tölur um barnafjöldann en þá voru fyrir hendi, svo og um árlega fjölgun barna, eins og áður er sagt.

**Framlag til sjúkrasamlaga** er áætlað 9.5 millj. kr., eða sama upphæð og í fjárlögum yfirstandandi árs.

Framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga eru áætluð samkvæmt 26. gr. 1. nr. 38/1953 með 57% álagi, eins og áður er sagt. Iðgjöld atvinnurekenda og hinna tryggðu eru hækkuð sem svarar iðgjaldahækkun síðasta Alþingis og vísitöluhækkuninni og auk þess um nærfellt 3 milljónir með tilliti til fjölgunar gjaldenda, aukinnar atvinnu 1953 og nokkurrar lækkunar á afskriftum. Enn fremur eru áætlaðar endurgreiðslur, aðallega endurkræfur barnalífeyrir, hækkaður upp í 8 millj. kr. með tilliti til reynslu ársins 1952.

Þrátt fyrir þessar hækkunir á tekjuliðunum vantar enn 7 millj. kr. á, að tekjurnar hrökkvi fyrir áætluðum útgjöldum.

Eins og áður er sagt, má gera ráð fyrir mjög verulegum tekjuhalla á yfirstandandi ári, þar sem í áætlunum fyrir það ár var ekki gert ráð fyrir hinni miklu fjölgun barna og gamalmenna, sem vikið er að hér að framan. Halla ársins 1952 má væntanlega jafna að verulegu leyti með afgangi af afskriftasjóði iðgjalda frá árinu 1948, ef háttv. ráðuneyti samþykkir þá ráðstöfun. En ekki er fært að reikna með slíkum tekjum á árinu 1954 eftir þá miklu hækkun á iðgjöldum og endurgreiðslum, sem áætlunin nú gerir ráð fyrir.

Vér verðum því að telja með öllu óhjákvæmilegt, að háttvirt ríkisstjórn geri ráðstafanir til þess þegar á næsta Alþingi, að framlag til Tryggingastofnunarinnar verði aukið eða henni séð fyrir viðbótaskjöldum á annan hátt, svo að ætla megi, að tekjur og gjöld ársins 1954 standist á.

Á fundi tryggingaráðs hinn 22. þ. m. er fært til bókar það, sem hér fer á eftir:

„Forstjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir 1954. Athugaði tryggingaráð áætlunina lið fyrir lið, en hún sýnir fyrirsjáanlegan rekstrarhalla 7—8 millj. kr. að óbreyttum lögum og við það miðað, að vísitöluálag á tekjur verði hið sama og vísitöluuppbót á bætur. Féllst tryggingaráð á áætlunina og samþykkti að beina því til ríkisstjórnarinnar að gera ráðstafanir til þess að sjá stofnuninni fyrir tekjum til þess að mæta þessum halla. Væri og fyrirsjáanlegt, að allverulegur rekstrarhalli mundi verða á árinu 1953.“

Með tilvísun til ályktunar tryggingaráðs leyfum vér oss að vænta þess, að háttvirt ríkisstjórn hlutist til um, að Alþingi sjái Tryggingastofnuninni fyrir tekjum umfram hið fasta framlag ríkissjóðs, 32.0 millj. kr., sem tekið er upp á áætlun vora hér að framan, svo að jöfnuður náist á rekstri ársins 1954.

Erum vér að sjálfsögðu reiðubúnir til að veita hverjar þær upplýsingar, sem óskað er eftir og vér getum í té látið, í því sambandi.

Auk rekstrarframlagsins ber ríkissjóði að greiða Tryggingastofnuninni á árinu

1954 tíunda hluta af skuld ellilaunareiknings pr. 31. des. 1946 við Lífeyrissjóð Íslands, kr. 254 977.59, auk vaxta.

Það skal að lokum fram tekið, að áætlun vor er við það miðuð, eins og verið hefur frá 1947, að 18. gr. fjárlaga verði með svipuðum hætti og verið hefur undanfarin ár.

Starfsmannaskrá þá, sem óskað er eftir í bréfi ráðuneytisins, munum vér senda svo fljótt sem við verður komið.

Afrit af bréfi þessu höfum vér leyft oss að senda til fjármálaráðuneytisins samkvæmt venju.

### Tryggingastofnun ríkisins.

Til félagsmálaráðuneytisins, Reykjavík.

### Fylgiskjal II.

Bráðabirgðayfirlit yfir tekjur og gjöld Tryggingastofnunar ríkisins árið 1952.

#### Tekjur:

1. Framlag ríkissjóðs .....	25.8 millj. kr.
2. — sveitar- og bæjarfélaga .....	16.0 — —
3. Iðgjöld atvinnurekenda .....	17.0 — —
4. — hinna tryggðu .....	25.5 — —
5. Aðrar tekjur .....	7.9 — —
	<hr/>
	92.2 millj. kr.
Mismunur	1.7 — —
	<hr/>
Samtals	93.9 millj. kr.

#### Gjöld:

1. Ellilífeyrir .....	38.7 millj. kr.
2. Örorkulífeyrisstyrkur .....	12.1 — —
3. Barnalífeyrir, óendurkræfur .....	7.0 — —
4. — endurkræfur .....	7.9 — —
5. Fjölskyldubætur .....	7.7 — —
6. Fæðingarstyrkur, ekkjubætur o. fl. ....	4.9 — —
7. Slysabætur .....	5.6 — —
8. Sjúkrabætur .....	3.8 — —
9. Aðrar bætur .....	2.5 — —
10. Skrifstofu- og innheimtukostnaður .....	3.7 — —
	<hr/>
Samtals	93.9 millj. kr.

Reikningar ársins eru enn eigi fullgerðir, þar sem færslum milli rekstrarreiknings og sjóða og vörzlufjár ekki er lokið. Mismunurinn sýnir því ekki hinn raunverulega rekstrarhalla.

### Fylgiskjal III.

#### Yfirlit yfir skiptingu kostnaðar vegna Tryggingastofnunar, sjúkrasamlaga og ríkisframfærslu árin 1948—1952.

	Trygginga- stofnun ríkisins millj. kr.	Sjúkra- samlög millj. kr.	Ríkisfram- færsla millj. kr.	Samtals millj. kr.	%
1. Ríkissjóður .....	99.4	23.4	38.1	160.9	32
2. Sveitar- og bæjarfélög .....	61.8	23.5	9.5	94.8	19
3. Atvinnurekendur .....	69.9	—	—	69.9	14
4. Hinir tryggðu .....	97.5	75.2	—	172.7	35
	<hr/> 328.6	122.1	47.6	498.3	100

Ef ríkissjóður hefði borið þriðjung heildarkostnaðar, hefði hlutur hans orðið 166.1 millj. kr., þ. e. 5.2 millj. hærri en hann hefur greitt. Hlutur hinna tryggðu hefur orðið 172.7 millj., en sú upphæð er ca. 6.6 millj. kr. hærri en sá þriðjungur, sem í upphafi var gert ráð fyrir að hinir tryggðu bæru með iðgjaldagreiðslum.